

Ágæta samstarfsfólk og vinir.

Ég heiti Jóhanna Gísladóttir og er prestur í nýlega sameinuðu Akureyrar- og Laugalandsprestakalli. Ég býð fram krafta mína til setu á kirkjuþingi á komandi kjörtímabili.

Ég er svo lánsöm að þjóna bæði í dreifbýli og þéttbýli. Ég er með aðsetur og þjóna í Akureyrarkirkju en er einnig með sérstakar skyldur við sex sóknir Eyjafjarðarsveitar, þar sem við fjölskyldan búum. Ég er gift Guðmundi Bragasyni véla- og orkutæknifræðingi og mannvirkjahönnuði sem starfar hjá Slippnum á Akureyri og saman eigum við fjögur börn, hund og kött.



Starfsreynsla

Ég hef starfað fyrir þjóðkirkjuna í rúm 15 ár við alls kyns störf og sjálfböðavinnu. Meðal annars hef ég verið æskulýðsfulltrúi og kirkjuvörður, unnið við fræðslustörf ýmis konar fyrir alla aldurshópa, kennt sunnudagaskóla og fermingarfræðslu í fjöldamörg ár fyrir vígslu, unnið með flóttafólki á vegum safnaðar í samstarfi við fulltrúa Rauða Krossins og leitt sorgar- og stuðningshópa af ýmsu tagi.

Ég hef búið til töluvert af kennsluefni fyrir fræðsluvið biskupsstofu og lauk starfsþjálfun hjá BFR í Englandi, sem eru sjálfstæð kristin félagasamtök sem þjálfa starfsfólk til starfa í söfnuðum, stofnunum og skólum, óháð kirkjudeildum.

Í dag hef ég starfað sem vígður prestur í sjö ár, fyrst sem æskulýðsprestur og síðar tímabundið sem sóknarprestur í Langholtskirkju í Reykjavík, ég var sóknarprestur í Laugalandsprestakalli fyrir sameiningu prestakalla og nú starfa ég sem almennur prestur í þriggja presta teymi.

Ég var formaður Félags prestvígðra kvenna í fjögur ár, sit í jafnréttisnefnd þjóðkirkjunnar, er varamaður í stjórn Prestafélags Íslands og sit í kjaranefnd stjórnar. Eins er ég í stjórn Áhugahóps um guðfræðiráðstefnur sem hefur það að markmiði sínu að efna með reglubundnum hætti til námskeiða og ráðstefna um guðfræði, kirkju og kristni.

Síðast en ekki síst er ég stolt kvenfélagskona, en kvenfélög landsins eru gríðarlega mikilvægur bakhjarl þjóðkirkjunnar í fortíð og nútíð, eins og flest kirkjunnar fólk þekkir vel. Ég var um tíma varaformaður Kvenfélags Langholtssóknar áður en ég flutti norður og gekk í Kvenfélagið Ölduna í Eyjafjarðarsveit.

Viðbótarmenntun

Frá því ég útskrifaðist sem guðfræðingur hef ég lokið ýmsu viðbótarnámi, mér til ánægju og til að styrkja mig faglega í starfi. Ég er með diplómagraðu í fjölskylduguðfræði (*family Ministry*) frá Cliff College í Bretlandi, diplómagraðu í sálgæslu á meistarastigi hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og diplómagraðu í áfallafræðum frá IVAT (*Institue on*

Violence, Abuse and Trauma) í Bandaríkjunum. Auk þess er ég faggildur sáttamiðlari og hef lokið ýmsum styttri námskeiðum í verkefna- og mannauðsstjórnun.

Styrkleika mína í starfi tel ég helst vera að ég er góð í mannlegum samskiptum, finnst gott að starfa í teymi og í samvinnu við ólíka aðila. Ég hef töluverða reynslu af breytingastjórnun í safnaðarstarfi og á auðvelt með að sníða mér stakk eftir vexti í starfi. Ég reyni að tala tæptungulaust, að vera skýr í samskiptum og heiðarleg.

Helstu áherslur mínar á komandi kirkjuþingi:

1. Ljóst er að við stöndum á tímamótum er varðar fjárhag kirkjunnar og stjórnsýsluskipan. Ekki er gefið að okkur takist að viðhalda blómlegu starfi kirkjunnar á landsvísu til framtíðar nema með samstillu átaki. Skilja þarf hismið frá kjarnanum er snýr að þjónustu kirkjunnar og í þeim efnum tel ég tvennt mikilvægara en annað;

- annars vegar megum við ekki tjalda til einnar nætur í fjárhagslegri ákvarðanatöku heldur verður þingfólk ætíð að hafa framtíðina fyrir sjónum. Nauðsynlegt er að gera starfs- og fjárhagsáætlun minnst fjögur ár fram í tímann. Eins þarf starfsvið þingsins annars vegar og biskupsstofu hins vegar að vera mjög skýrt.

- Hins vegar tel ég nauðsynlegt að kirkjuþingsfólk skipi sér ekki í fylkingar hvert gegn öðru heldur starfi saman af einhug og festu. Þótt seint muni ríkja fullkominn samstaða um einstaka mál er án efa vilji allra hinn sami, að varðveita og efla starf kirkjunnar, þjónustu hennar og boðunarhlutverk. Samvinna, heiðarleiki og traust eru lykilorðin.

2. Þótt öllum sé ljóst að nauðsynlegt sé að ráðast í sparnaðaraðgerðir tel ég mikilvægt að standa vörð um grunnþjónustu kirkjunnar. Til að mynda að áfram hafi allir landsmenn jafnan aðgang að þjónustu kirkjunnar, óháð búsetu, og eins tel ég mikilvægt að landsbyggðarfólk hafi aðgang að sérþjónustu kirkjunnar.

3. Bæta þarf tengsl kirkjuþings við sóknarnefndafólk og starfsfólk í söfnuðum og auka gagnsæi í starfi og ákvarðanatöku þingsins. Það er meðal annars gert með því að tryggja að hvert mál fái umfjöllun á héraðsfundi áður en það er lagt fyrir þingið, að málaskrá hvers þings liggja fyrir á réttum tíma svo kirkjunnar fólk geti kynnt sér málin og brugðist við ef það svo kys, og með því að tryggja að greint sé frá ákvörðunum kirkjuþings um leið og þingi lýkur. Samráð þarf að vera reglan en ekki undantekningin og kirkjunnar fólk á undantekningarlaust að upplifa að á þau sé hlustað og virðing borin fyrir skoðun þeirra á þjónustu kirkjunnar í sinni heimabyggð.

4. Síðast en ekki síst tel ég gífurlega mikilvægt að kirkjuþingsfulltrúar kynni sé vel þau mál er liggja fyrir hverju sinni og hafi tækifæri til að leita nánari upplýsinga gerist þess þörf. Þau sem gefa kost á þjónustu sinni þurfa að sinna starfi sínu af heilum hug og gefa sér tíma til undirbúnings, samtals og samráðs.

Að lokum: hvers vegna kirkjuþing?

Ég býð mig fram því ég vonast til að reynsla mín úr fjölbreyttu starfi kirkjunnar, menntun mín og styrkleikar nýtist til góðra verka í samvinnu við annað kirkjuþingsfólk. Ég veit fyrir vísu að það skiptir okkur öll sem tilheyrum kirkjunni gríðarlega miklu máli að á kirkjuþingi sitji hæft fólk sem tekur hlutverki sínu alvarlega, tekur sér tíma til að fylgja málum eftir og er óhrætt við að synda móti straumnum þegar þess gerist þörf. Ég hef það fyrir reglu í lífinu að bjóða mig aldrei fram í verkefni nema til að sinna þeim af heilum hug og er það stefnan nú. Ég yrði þakklát fyrir stuðning ykkar.

þreytumst ekki að gera það sem gott er því að á sínum tíma munum við uppskera ef við gefumst ekki upp. (Gal. 6.9)